

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu.**

Fasteignaskatt í Bessastaðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. janúar 1965.

Nr. 8.

REGLUGERÐ**um nýja lánaflokka Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands.****1. gr.**

Stofnlánadeild sjávarútvegsins er heimilt að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

2. gr.

Fé til þessara lána fær Stofnlánadeildin með framlagsfé og lánnum frá Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands af því fé, sem óinnheimt var 1. janúar 1964 af lánnum, er Stofnlánadeildin veitti samkvæmt lögum nr. 48/1961.

Einnig er Stofnlánadeildinni heimilt að taka lán hjá fyrrgreindum bönkum, svo og öðrum aðilum, og endurlána það í þessum lánaflokkum.

3. gr.

Sérstök stjórnarnefnd skal starfa vegna þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þessari reglugerð. Skal hún skipuð fimm mönnum, sem fyrrgreindir bankar tilnefna sem hér segir: Seðlabanki Íslands tilnefnir tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Landsbanki Íslands tilnefnir tvo og Útvegsbanki Íslands einn. Skal nefndin skipuð að minnsta kosti einum bankastjóra frá hverjum bankanna.

Stjórnarnefndin tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og leggur þær fyrir stjórn Stofnlánadeildarinnar til staðfestingar. Auk þess fjallar stjórnarnefndin um þessi mál:

1. Lántökur Stofnlánadeildarinnar samkvæmt 2. málsg. 2. gr., enda er tilskilið einróma samþykki aðila í stjórnarnefndinni.
2. Skilmála einstakra lánveitinga að því leyti, sem þeir eru ekki bundnir af lögum eða þessari reglugerð.
3. Hún setur reglur um meðferð lánanna, þar á meðal um atriði, er varða tryggingar þeirra, innheimtu og annað, er verulegu máli skiptir um tilvist þeirra. Yfirstjórn lánaflökkanna skal vera í höndum stjórnar Stofnlánadeildarinnar.